

AUGLÝSING

123

28. des.

um gildistöku alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hópmorðum.

Alþjóðasamningurinn um ráðstafanir gegn hópmorðum (Convention on the Prevention and Punishment of the Crime of Genocide), er samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 9. desember 1948, gengur í gildi hinn 12. janúar 1951.

Fullgildingarskjal Íslands varðandi ofangreindan samning var afhent hinn 29. ágúst 1949, sbr. auglýsingu nr. 95 27. september 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 28. desember 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

124

28. des.

um undirritun milliríkjasamnings um Greiðslubandalag Evrópu.

Hinn 19. september 1950 var í París undirritaður fyrir Íslands hönd milliríkjasamningur um Greiðslubandalag Evrópu (Agreement for the Establishment of a European Payments Union), ásamt viðbótarbókun um að samningurinn skuli koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1950.

Samkvæmt 31. gr. samningsins gengur hann endanlega í gildi, þegar allir aðilar hans hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

Aðilar samningsins eru ríkisstjórnir Austurríkis, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Frakklands, Grikklands, Hollands, Írlands, Íslands, Ítalíu, Luxembourg, Noregs, Portugal, Svíþjóðar, Sviss, Tyrklands, Þýzka sambandslýðveldisins og hernámsstjóri Breta og Bandaríkjamanna í Trieste.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 28. desember 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.